



Dómnefndarálit **LÆKJARTORG**

Hönnunarsamkeppni um Lækjartorg og
aðliggjandi gatnarými
2021-2022



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar í samstarfi við Félag íslenskra landslagsarkitekta



Um samkeppnina

Reykjavíkurborg og Félag íslenskra landslagsarkitekta efndu til hönnunarsamkeppni um Lækjartorg og aðliggjandi gatnarými sumarið 2021. Markmið með samkeppninni var að fá fram frjóar og áhugaverðar hugmyndir um hönnun þessara svæða í takt við þá umbreytingu sem á sér stað í nærumhverfinu. Samkeppnissvæðið náði yfir Lækjartorg, Lækjargötu frá Hverfisgötu að Austurstræti, Austurstræti og Bankastræti frá Þinghóltsstræti og var lýst eftir tillögum með rými fyrir fólk að leiðarljósi og skyldi hönnun vera í samræmi við stefnumörkun borgaryfirvalda eins og hún birtist í Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030, ásamt viðauka AR 2040 með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Samkeppnin var hönnunarsamkeppni með forvali og var í tveimur þrepum. Fyrri þrep var opið öllum sem uppfylltu kröfur um hæfi. Í seinna þrepi unnu þrjú teymi hönnunartillögu á samkeppnissvæðinu. Seinna þrep samkeppninnar var með nafnleynd.

Samkeppnin fór fram samkvæmt samkeppnislýsingu og gildandi samkeppnisreglum (FÍLA).

Forval

Í forvali samkeppninnar bárust ellefu umsóknir sem forvalsdómnefnd fór yfir og valdi hún þrjár tillögur til þátttöku í seinna þrepi samkeppninnar. Við mat á forvalsúmsóknum var horft til þeirra skilgagna sem óskað var eftir ásamt uppfylltum skilyrðum um þátttöku.

Matsþættir voru samkvæmt samkeppnislýsingu þar sem óskað var eftir þverfaglegum teyllum með a.m.k. einum arkitekt og einum landslagsarkitekt. Kostur var að teymi væru fjölbreytt er varðar menntun, reynslu, aldur og kyn.

Einnig var óskað eftir kynningarmöppu teymis meðlima þar sem skoðað var fjölbreytileiki verk efna tengd hönnun almenningsrýma, greingerð

sem lýsti sýn teyma á samkeppnissvæði ásamt því að lýsing skyldi studd með hugmyndaborði. Teymin áttu að lýsa þeirri aðferða- og hugmyndafræði sem það myndi nýta við að nálgast verkefnið ásamt frumhugmyndum fyrir allt svæðið, helstu einkennum þess, áherslu svæðum og mismunandi notkunarmöguleikum.

Dómnefnd

Í forvalsdómnefnd sátu:

- Rebekka Guðmundsdóttir, borgarhönnuður, verkefnastjóri, skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar, Reykjavíkurborg.
- Þorsteinn Rúnar Hermannsson, samgöngustjóri, Reykjavíkurborg.
- Björn Ingi Edvardsson, f.h. FÍLA, Félag íslenskra landslagsarkitekta.
- Hrönn Hrafnisdóttir, sérfræðingur f.h. skrifstofu stefnumótunar og greiningu, Reykjavíkurborg.

Í dómnefnd í seinna þrepi sátu:

- Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi, Reykjavíkurborg, formaður dómnefndar.
- Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi.
- Orri Steinarsson, arkitekt og skipulagsfræðingur.
- Hlín Sverrisdóttir, landslagsarkitekt FÍLA og skipulagsfræðingur SFFÍ.
- Heba Hertervig, arkitekt AÍ, Arkitektafélag Íslands.

Ritari dómnefndar: Rebekka Guðmundsdóttir borgarhönnuður.

Trúnaðarmaður tilnefndur af FÍLA: Hermann Georg Gunnlaugsson, landslagsarkitekt.

Markmið og niðurstaða dómnefndar

Markmið samkeppninnar var að fá fram frjóar og áhugaverðar hugmyndir um hönnun Lækjartorgs og nærliggjandi gatna. Stefnt er að því að semja við höfunda verðlaunartillögu um endanlega útfærslu forhönnunar. Nýtt deiliskipulag, ef þess gerist þörf verður unnið í samræmi við verðlaunartillögu.

Meginmarkmið

Mikilvægt er að til sé mjög skýr áætlun og hönnun fyrir umrætt svæði sem ýti undir að mannlíf og rekstur geti blómstrað og dafnað á svæðinu til framtíðar.

- Ná fram heildstæðu yfirbragði þar sem hið gamla mætir hinu nýja á sannfærandi hátt.
- Styrkja svæðið sem kjarnasvæði sem gleður augað og hvetur til jákvæðra samskipta á milli mismunandi aldurs- og þjóðfélagshópa.
- Draga fram sögu svæðisins með áhugverðum hætti.
- Skapa rými sem henta öllum árstíðum.
- Skapa öruggt borgarumhverfi fyrir alla.
- Gera grein fyrir vörulosun, hleðslustöðvum og staðsetningum deilihjóla og öðrum götugögnum.
- Taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni.
- Leiðarljós að styðja við og styrkja nýja og núverandi starfsemi á götuhliðum jarðhæða sem snúa að samkeppnissvæðinu.
- Skapa sveigjanleg rými, að þau rými fjölsóttá viðburði og uppákomur, en séu jafnframt vistleg hversdagslega.

Markmið dómnefndar

Við mat á tillögum horfði dómnefnd til þess hvernig keppendum tókst til við að mæta þeim markmiðum sem talin voru upp í samkeppnislýsingu. Að auki horfði dómnefnd sérstaklega til þess hvernig tillögurnar féllu að umgjörð og sögu svæðisins og

hvernig keppendum tókst til við að glæða torgið og allt samkeppnissvæðið lífi, flétta saman fjölbreytta starfsemi og auka notagildi svæðisins á frumlegan og áhugaverðan máta.

Höfuðáhersla var á að heildaryfirbragð og að hönnun svæðisins myndi mynda ákveðna umgjörð um þann fjölbreytileika sem einkennir svæðið og gera það enn eftirsóknarverðara sem áfangastað til dvalar og afþreyingar.

Áhersla var lögð á góðar tengingar og útfærslur sem styrkja samspil Lækjartorgs við fyrirhugaða Borgarlínustöð og aðstöðu henni tengdri.

Niðurstaða dómnefndar

Tillögurnar þrjár sem dómnefnd var falið að fjalla um voru áhugaverðar, fjölbreyttar og metnaðarfullar. Þær taka allar vel á helstu atriðum sem óskað var eftir í markmiðum samkeppnislýsingar en á ólíkan hátt. Settar voru fram áhugaverðar hugmyndir sem verða skoðaðar nánar við þróun svæðisins. Eftir yfirlegu, gott samtal og samráð þá var einróma álit dómnefndar, að velja tillögu auðkennda 65027, Borgaralind sem verðlaunartillögu og var sú niðurstaða kunn þann 3. febrúar 2022. Nafnleynd var rofin á fundi dómnefndar að viðstöddum trúnaðarmanni samkeppninnar þann 8. febrúar 2022.

Tillaga auðkennd 65027, Borgaralind var unnin af samstarfshópnum: SP(R)INT STUDIO og KARRES EN BRANDS. Teymistjóri er Karl Kvaran, arkitekt og skipulagsfræðingur.

Dómnefnd vill þakka öllum keppendum fyrir vinnuframlag þeirra og mjög áhugaverðar tillögur fyrir þetta mikilvæga svæði í hjarta borgarinnar.

Samkeppnissvæðið



Afmörkun samkeppnissvæðis náði yfir Lækjar torg, Lækjargötu frá Hverfisgötu að Austurstræti, Austurstræti frá Lækjargötu að Ingólfs-torgi og Bankastræti frá Þingholtsstræti að Austurstræti.

Bankastræti átti að tengjast Lækjartorgi yfir Lækjargötu og mynda samfellda heild, hanna átti götuna sem vistgötu en í anda göngugötu þar sem flæði gangandi vegfarenda þurfti að vera í algerum forgangi ásamt aðgengi fyrir alla.

Þá átti að gæta að sérstökum ákvæðum er varða Stjórnarráð Íslands. Lækjargata átti að tengjast Lækjartorgi og lóð Stjórnarráðs Íslands á sannfærandi hátt enn líta átti einnig til útfærslu Borgarlínustöðvar úr frumdragaskýrslu Borgarlínunnar.

Austurstrætið átti að hanna sem göngugötu frá Lækjartorgi að Ingólfs-torgi en gera átti m.a. ráð fyrir aðkomu fyrir vörulösun og akstri neyðarþjónustu. Deiliskipulag af svæðinu er frá árinu

1987 og er það gildandi skipulag fyrir svæðið. Umferðarskipulag Kvosarinnar gerir betur grein fyrir umferðarskipulagi svæðisins.

Í framhaldi af niðurstöðum samkeppninnar er stefnt að því að vinna að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið.



Litróf mannlífs Auðkennd 10211

Höfundar tillögu:

Mandaworks, Dagný Land Design og Kempe Ljusdesign.

Umsögn dómnefndar

Tillagan er litrík og björt með áhugaverða tilvísun í söguna en eitt meginstef hennar er hugmynd að fjölnota og litríkum glerskála við austurjaðar Lækjartorgs sem vísar í áttlaga formgerð gamla sölu-turnsins sem meginþemu. Skálinn sem slíkur skapar góðar aðstæður fyrir þjónustu í tengslum við Borgarlínu og veitir skjól fyrir austanáttum á torginu. Tillagan tekur á flestum mikilvægum atriðum sem óskað var eftir en staðsetning glerskálans lokar á mikilvæga sjónása í umhverfinu ásamt því að taka upp sólríkasta partinn á torginu sjálfu. Tillöguna skortir þar af leiðandi nokkra næmni fyrir umhverfinu.

Hugmyndin um að færa Borgarlínustöð næst Lækjartorgi yrði alltaf á kostnað hjólandi og gangandi. Vinna hefði mátt inn í tillöguna hugmyndir um útfærslur sem tengingu við lækinn líkt og óskað var eftir í samkeppnislýsingu. Lausnir á Núllinu eru hins vegar áhugaverðar og þá ekki síst tengslin við Bernhöftstorfu.

LÍFLEGT OG LITRÍKT LÆKJARTORG



10211



10211

YFIRLIT YFIR SVÆÐIÐ



10211


Lækjartorg og aðliggjandi gatnarými Auðkennd 61224

Höfundar tillögu:

Landslag, Bark Studio, Mannvit og Andri Snær Magnason.

Umsögn dómnefndar

Tillagan sýnir fallega og sannfærandi úrlausn á hæðarmismun Lækjartorgs þar sem rými er mótað með setsvæðum og fjölnota svæði fyrir viðburði af ýmsum toga. Tillagan sýnir einnig áhugaverðar lausnir á Austurstræti og Bankastræti, einskonar grænt hryggjarstykki sem skapar dvalarsvæði og eykur græna ásýnd gatnanna. Lausn á Núllinu er áhugaverð. Tillagan er nokkuð lágstemmd og bíður upp á sveigjanlega nýtingarmöguleika sem er áhugaverður kostur. Hugmyndir um lýsingu í gólfi svæðisins er spennandi. Áhugavert hefði verið að sjá hvernig taka hefði mátt tillöguna á næsta stig og sýna hlutverk torgsins á öllum árstímum fyrir mismunandi athafnir. Hugmynd um að draga lækinn í setsvæðin þarfnast frekari úrvinnslu og æskilegt hefði verið að ganga lengra í notkun gróðurs og dvalarsvæða.



Borgaralind Auðkennd 65027

Höfundar tillögu:

SP(R)INT STUDIO OG KARRES EN BRANDS

Umsögn dómnefndar

Tillagan er allt í senn djörf, hlýleg og rómantísk. Hún ber með sér hugmyndaauðgi, sterka fagurfræðilega sýn, og næmni fyrir umhverfi og staðaranda og lyftir Lækjartorgi upp á spennandi og áhugaverðan hátt. Tillagan nær að flétta saman nútímann og söguna samhliða því að styrkja hlutverk Lækjartorgs sem vettvang fjölbreyttra athafna og mannlífs. Sveigjanleiki, leikgleði og vel útfærð rými á torginu fela í sér ótal möguleika og tækifæri fyrir margvíslega viðburði á öllum árstímum.

Útfærsla á yfirborði Bankastrætis, Lækjartorgs og Austurstrætis er vel leist og fjölbreytt en hefur engu að síður rólegt yfirbragð sem hæfir svæðinu. Sýndar eru mjög sannfærandi lausnir fyrir útfærslu í Bankastræti og Austurstræti þar sem gróðri og dvalarsvæðum er fléttað saman á áhugaverðan hátt. Heildaryfirbragð tillögunnar nær á sannfærandi hátt að tengja saman Stjórnarráðið, Lækjartorg og Bankastræti sem þjónað er af meginæð Borgarlínu sem kemur til með að liggja eftir Lækjargötu.

Það er einróma álit dómnefndar að tillaga 65027, Borgaralind, uppfylli flestar áherslur samkeppnislýsingarinnar og gefi torginu og aðliggjandi gatnarýmum nýja vídd og nýtt og spennandi hlutverk í hjarta borgarinnar.

